

Tónlistardeild

Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf

Sannleikarnir

Söngpera

Greinargerð til MMus prófs í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi

(New Audiences and Innovative Practice, NAIP)

Sigríður Salvarsdóttir

Vorönn 2021

Tónlistardeild

Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf

Sannleikarnir

Söngpera

Greinargerð til MMus prófs í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi

(New Audiences and Innovative Practice, NAIP)

Sigríður Salvarsdóttir

Kt.: 240296-2769

Leiðbeinendur: Tómas Helgi Baldursson og Ryan Driscoll

Vorönn 2021

Útdráttur

Við höfum öll heyrt um óperur og söngleiki en hvað með söngperu? *Sannleikarnir* er söngpera samin af Sigríði Salvarsdóttur og Unu Maríu Bergmann í samstarfi við Gunnhildi Birgisdóttur. Hvað gerist þegar tvær söngkonur með enga reynslu af tónsmíðum eða handritaskrifum ákveða að semja heilt verk á einu ári? Úr því kemur raftónlistarsöngpera með söngi, dansi, hlátri, grátri og hinn heilagi sannleikur.

Hvað var það sem fékk mig til að vinna lokaverkefni í samstarfi við samnemanda minn í staðinn fyrir að fara hefðbundnu leiðina og vinna það ein? Í þessari greinargerð mun ég fjalla um ferlið út frá mínu sjónarhorni og minni upplifun. Þar að auki verður fjallað um hvaða aðferðir voru notaðar, hverjir voru áhrifavaldar og hvað ég lærði af þessari reynslu. Handritið af *Sannleikarnir* fylgir óbreytt í viðauka.

Abstract

We've all heard of operas and musicals but what about an opecal? *Sannleikarnir* (The Truth Games) is an opecal written by Sigríður Salvardsdóttir and Una María Bergman in a collaboration with Gunnhildur Birgisdóttir. What happens when two singers with no experience in songwriting and script writing decide to write a whole piece within a year? An electronic opecal with singing, dancing, laughing, crying and the holy truth is what happens.

What was it that got me to make my final project in collaboration with another student instead of going the traditional way and do it by myself? In this final report, I will write about the process from my point of view. I will discuss the methods, my inspiration and what I took from this experience.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Inngangur..... | 1 |
| 1. Bakgrunnur..... | 2 |
| 2. Söngleikir og óperur..... | 4 |
| 3. Söngpera eða ópleikur..... | 4 |
| 4. Áhrifavaldar..... | 6 |
| 5. Aðferðir..... | 7 |
| 6. Sannleikarnir – verk í vinnslu..... | 12 |
| 6.1 Um hvað er verkið..... | 13 |
| 6.2 Boðskapur..... | 14 |
| Lokaorð..... | 15 |
| Heimildaskrá..... | 17 |
| Myndaskrá..... | 18 |
| Viðauki..... | 19 |

Inngangur

Þegar ég var að útskrifast með bakkalárgráðu í söng frá Listaháskóla Íslands (hér eftir LHÍ) þurfti ég að fara að íhuga hver næstu skref yrðu hjá mér. Mig langaði að halda áfram í tónlist en það heillaði mig ekki að fara í meistaranám í söng. Mig langaði til að finna mér nám þar sem ég gæti verið meira skapandi og sjálfstæð og því heillaði það mig að sækja um í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi (e. New Audiences and Innovative Practice; hér eftir kallað NAIP). Þar sá ég fyrir mér að geta haldið áfram söngnámi mínu ásamt því að verða sjálfstæðari og kynnast sjálfri mér betur sem tónlistarkonu en ekki bara sem söngkonu.

Þegar ég byrjaði í NAIP haustið 2019 fór ég strax að huga að því sem mig langaði að gera í lokaverkefni mínu. Frá upphafi langaði mig að gera eitthvað tengt söngleikjum og fyrsta hugmynd mín spratt upp úr áfanganum Stjórnun listrænna verka. Þar skipulagði ég söngleikjanámskeið fyrir krakka á Ísafirði þar sem þau myndu fá söng-, leiklistartíma og tækifæri til að kynnast ýmsum söngleikjum. Sú hugmynd spratt fram hjá mér vegna lítils framboðs af tónlistar og leiklistartengdum námskeiðum á þessu svæði og ég vissi af eigin reynslu að það væri markaður fyrir svona námskeið. Eftir að hafa íhugað þetta í einhvern tíma þá fann ég að mig langaði frekar að gera lokaverkefni í formi sýningar sem ég myndi taka þátt í. Ástæðan fyrir því er sú að ég var búin að sakna þess að syngja og leika á sviði fyrir framan áhorfendur.

Mér datt í hug að ég gæti kannski verið með kabarett sýningu sem myndi innihalda sögur, grín, söng og dans. Ætlunin var aldrei að semja sérstaklega lög sjálf fyrir sýninguna þar sem ég hef enga reynslu af lagasmíðum og datt ekki í hug að láta reyna á það. Í byrjun vorannar 2020 fengum við Una María Bergman samnemandi minn í NAIP þá hugmynd að við myndum vinna saman lokaverkefnið okkar. Við kynntumst í bakkalárnámi okkar í söng í LHÍ, við höfum alltaf náð vel saman og erum góðar vinkonur og þess vegna fannst okkur mjög góð hugmynd að vinna verkefnið saman. Hugmyndin kom út frá því að okkur fannst vanta fleiri tækifæri fyrir ungt fólk sem er að fóta sig í söngnum hérna á Íslandi, við sáum að ef okkur langaði til að taka þátt í sýningum þá þyrftum við að skapa tækifærin sjálfar. Þá datt okkur í hug að við myndum búa til söngleik/óperu frá grunni og setja hana síðan upp.

1. Bakgrunnur

Frá því að ég man eftir hefur mér þótt mér gaman að koma fram fyrir áhorfendur og leika. Sem barn setti ég upp og samdi heilu leiksýningarnar með frændsystkinum mínum í garðinum heima og svo var sýning fyrir foreldra okkar sem auðvitað þurftu að taka frá miða til þess að fá að horfa á okkur leika. Þessar leiksýningar urðu til útfrá því hve lítið framboð var af skemmtun í sveitinni og við þurftum að fá útrás fyrir allar hugmyndir okkar. Það var ekki í boði fyrir mig að fara á námskeið yfir sumartímamann þar sem ég bjó á eyjunni Vigur í Ísafjarðardjúpi. Það var ekki mikil tónlist í kringum mig sem barn, fjölskylda mín var ekki mikil tónlistarfjölskylda og það sem var í útvarpinu var það sem var hlustað á. Það var þó mikið af hljóðum í kringum mig þar má nefna að á sumrin mátti heyra fallegan fuglasöng þegar allt var kyrrt, úin í æðarblikanum, gargið í kríunni og hátíðnisöng teistunnar. Það má tengja þessi hljóð úr fuglunum við áhuga minn sem ég fékk á blokkflautu þegar ég var átta ára, þar sem mörg hljóðin sem fuglarnir gáfu frá sér gat ég leikið eftir á flautunni. Tónlistarferill minn hófst einmitt þegar ég byrjaði að læra á blokkflautu í tónlistarskólanum í Súðavík. Þegar ég komst á unglingsárin þótti blokkflautan ekki nógu töff og þá byrjaði ég að æfa á píanó. En þrátt fyrir að hafa verið virk í tónlistarskólanum og alltaf hlustandi á tónlist þá leit ég á hana sem áhugamál en ekki eitthvað sem ég myndi starfa við í framtíðinni.

Sú hugsun breyttist þegar ég var 16 ára og byrjaði að taka þátt í söngleikjum, þá var eins og eitthvað smylli saman í hausnum á mér og ég fann að þetta væri eitthvað sem ég gæti hugsað mér að gera. Fyrst þegar ég tók þátt í söngleikjum þá fannst mér skemmtilegast að fá að skapa eitthvað verk með hópi fólks. Einnig elskaði ég að vera uppá sviði og fá fólk til að hlæja og því fleiri söngleikjum sem ég tók þátt í því meira elskaði ég listformið. Það var eitthvað við gleðina og orkuna sem kom með söngleikjum sem ég heillaðist af, ég gat sloppið frá raunveruleikanum og fengið að túlka þessa karaktera án þess að finnast ég vera berskjölduð því þetta var ekki ég heldur einhver önnur persóna. Samhliða menntaskóla stundaði ég klassískt söngnám í Tónlistarskólanum á Ísafirði því það var eina söngnámið sem var í boði fyrir mig á Ísafirði. Ég hafði ekki mikinn áhuga á að syngja klassísk ljóð og aríur þar sem ég var ekki alin upp við þessa tegund á tónlist og fannst hún ekkert passa við mig. Eitthvað inn í mér sagði mér þó að halda áfram að æfa söng því ég vissi að ég myndi bara græða á því í framtíðinni þar sem markmið mitt var að verða leikkona og það væri bara betra ef ég kynni að syngja.



Mynd 1 – Ég í hlutverki kattarins í Köturinn sem fer sínar eigin leiðir í uppsetningu Litla Leikklúbbsins 2012.

Ég sótti um að komast á leikarabraut í LHÍ þegar ég var að útskrifast úr menntaskóla, harðákveðin í að láta leiklistardrauma mína rætast en komst ekki inn. Ég var alveg miður mín og vissi ekki hvað ég ætti að gera í framhaldinu, þá hvatti söngkennarinn minn mig til að halda áfram í söngnum því hún vissi að ég hafði það sem þurfti til að verða söngkona. Ég lét slag standa og sótti um bakkalárnám í söng við LHÍ. Ég myndi segja að það hafi verið lán í óláni að ég komst ekki inn á leikarabrautina því í dag myndi ég ekki vilja skipta út þessum þremur árum í söngnáminu. Þar kynntist ég sjálfri mér bæði sem söngkonu og tónlistarkonu og fann að ég átti miklu meiri samleið með tónlist en ég hafði áður gert mér grein fyrir og hún er mjög stór partur af lífi mínu. Það var þó ekki auðvelt að komast á þann stað að vera ánægð með sjálfa mig sem söngkonu, það var erfitt fyrst því ég var alltaf að fylgja því sem aðrir voru að gera og syngja. Það var ekki fyrr en ég áttaði mig á því að ég þurfti ekki að gera eins og hinir og velja sömu aríurnar sem allir voru að syngja aftur og aftur, ég fór aðeins að velja lög og aríur sem ég tengdi við tilfinningalega. Við það small allt saman og þá loksins sameinuðust leikkonan og söngkonan, ég hætti að upplifa sjálfa mig sem stirða og leyfði mér að túlka og leika mér með lögina. Um leið og ég uppgötvaði það fóru óperur að heilla mig meira, ekki bara tónlistin heldur líka listformið sem slíkt, sviðsetningarnar, búningarnir og dramað.

Eftir bakkalárnámið langaði mig til að halda áfram að syngja og kynnst mér enn frekar sem tónlistarkonu og mig langaði líka að finna minn innri sköpunarkraft. NAIPið heillaði mig þar

sem þar var boðið uppá þverfaglegt samstarf og þar gæti ég bætt mig sem sjálfstæða tónlistarkonu. Því sótti ég um í NAIP haustið 2019 með það að markmiði að halda áfram að rækta klassíkina í mér og um leið að byrja aftur að skoða söngleiki og leiklist.

2. Söngleikir og óperur

Samkvæmt skilgreiningu bókarinnar *Saga tónlistarinnar* þá er ópera skilgreind sem

Ítalskt heiti yfir „verk“, notað um leikverk sem sungið er að öllu eða mestu leyti og sviðsett með búningum, leiktjöldum og leikrænum tilþrifum. Skiptist í nokkrar greinar eftir efnistöfum: *opéra seria* (alvarleg ópera; um alvarleg efni en endar þó vel, algeng fram undir lok 18. aldar); *opéra buffa* (gamanópera; notað um tiltekna grein ítalskrar óperu á 18. og 19. öld); *opéra comique* (frönsk ópera þar sem talað er í stað söngles); *opéra lyrique* (frönsk ópera af ljóðrænum toga á 19. öld).¹

Söngleikir hafa verið til í aldanna rás, Grikkir til forna eru sagðir hafa fléttað inn í leikrit sín dansrúttínur og lög. Á miðöldum voru farandlistamenn sem fluttu sögur og sungu fyrir þorpsbúa. En söngleikir sem við könnumst við í dag komu ekki fram í dagsljósið fyrr en snemma á 20. öld. Söngleikir eru í grunninn leikrit sem segja söguna ekki bara með orðum heldur líka með söng og dansi. Það má því segja að þeir séu í mjög svipuðu formi og óperur en helsti munurinn er tónlistarstíllinn sjálfur. Fyrstu söngleikir 20. aldar sóttu innblástur sinn frá djassi sem gaf söngleikjunum ferskan og nútímalegan blæ, mörg lög sem voru samin fyrir söngleiki urðu vinsæl dægurlög þar sem tónlistin var aðgengileg.²

3. Söngpera eða Ópleikur

Eftir að hafa verið saman á trúðanámskeiði í skólanum í samstarfi við leikarabrautina í LHÍ sem var kennt af Halldóru Geirharðsdóttur og Kristjönu Stefánsdóttur þá fórum við Una að tala saman um lokaverkefnið okkar. Okkur langaði að gera einhvers konar sýningu og fengum þá hugmynd að við myndum fá að gera lokaverkefnið saman í staðinn fyrir í sitthvoru lagi. Það að vinna með öðrum að gera trúðasýninguna veitti okkur mikinn innblástur. Frá upphafi langaði okkur til að vinna með mismunandi fólki sem við myndum læra af og þannig fá annað sjónarhorn en eingöngu flytjandans eins og við höfðum gert svo oft áður, við vildum ekki „kúldrast tvær“ eins og ég sagði einu sinni í samtali við Unu.

¹ Árni Heimir Ingólfsson, *Saga tónlistarinnar*, (Reykjavík: Forlagið, 2016), 582.

² DK, *Musicals the definitive illustrated story*, (London: DK Penguin Random House, 2015), 10.



Mynd 2 – Þátttakendur á trúðanámskeiðinu ásamt kennurum 2019.

Við vissum báðar frá byrjun að við vildum vera flytjendur í verkinu og að við vildum skapa söguna frá grunni. Í byrjun var markmiðið okkar að hafa hljómsveit skipaða allskonar hljóðfærum. Einnig ætluðum við að fá fleiri leikara með okkur á sviðið. Markmiðið var að við myndum skrifa handrit og semja síðan löggin og fá svo einhvern til að útsetja löggin fyrir hljómsveit. Þau plön breyttust þó þegar Covid-19 skall á, þá þurftum við alvarlega að íhuga hvað við vildum hafa mikið af fólki með okkur í þessu verki. Að lokum ákváðum við að flytjendur og handritshöfundar verksins værum við tvær ásamt skipuðum leikstjóra og tónsmið sem myndi hjálpa okkur við að semja tónlist.

Við fengum til liðs við okkur hana Gunnhildi Birgisdóttur vinkonu okkar sem við kynntumst í gegnum bakkalárnám okkar í LHÍ þar sem hún stundaði nám við Nýmiðlabraut til að hjálpa okkur með tónlist. Sem leiðbeinanda og leikstjóra fengum við hann Tómas Helga Baldursson sviðshöfund, hann hafði verið á sama tíma og við í LHÍ á sviðshöfundabraut og við þekktum hann þaðan og höfðum heyrt góða hluti um hann og vildum endilega að hann myndi vinna með okkur.

Þegar við Una fórum að hugsa út í hvernig verk við vildum vinna kom spurningin: viljum við gera söngleik eða óperu? Þar sem bakgrunnur minn var úr söngleikjum fannst mér auðveldara að hugsa mér að fara þá stefnu en Una hafði meiri reynslu af óperum og óperettum og þar flæktist málið smá hjá okkur. En við vorum ekki lengi að komast að niðurstöðu, af hverju ekki að sameina þetta? Við þurfum ekkert að halda okkur við einn stíl og okkur fannst áhugaverð pæling að blanda saman gömlum heimi við hinn nýja. Söngleikir og óperur eru í grunninn mjög lík listform, þau segja sögur í gegnum söng og það er það sem við vildum gera.

Við vissum ekkert hvað við vorum að koma okkur út í enda höfðum við hvorugar skrifað og samið verk áður hvað þá heilan söngleik eða óperu. Við vorum mjög spenntar og okkur fannst við vera tilbúnar að takast á við verkefnið. Þetta var frekar djörf og metnaðarfull ákvörðun hjá okkur, hefðum við vitað áður en við byrjuðum verkefnið hversu mikil vinna og hversu mikið þetta myndi taka á okkur veit ég ekki hvort við hefðum haldið áfram með það. Samkvæmt fyrstu tímalínunni sem við gerðum reiknuðum við að þetta myndi taka okkur 3-4 mánuði í allt en í rauninni tók þetta heilt ár með allri hugmyndavinnu, skrifum og æfingum.

4. Áhrifavaldar

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á söngleikjum, þá sérstaklega söngleikjum sem hafa verið settir upp á Broadway og það má alveg segja að það hafi gefið mér óbeint innblástur bara vegna allrar þekkingarinnar á listforminu sem ég hef aflað mér á þeim í gegnum árin. Ég held að það helsta sem við tókum frá söngleikjunum hafi verið klisjan um persónur sem eiga það til að detta í söng upp úr þurru. Ólíkt flestum óperum er talað á milli laga í söngleikjum og stundum virðist sem svo að persónur byrji að syngja að ástæðulausu. Persónan er að tala og svo kemur undirspil og hún fer að syngja. Við notuðumst við það í speglasenunni, Sirrý og Una eru að segja „þú ert frábær, þú ert heit, þú getur allt sem þú vilt“ og útfrá því segir Sirrý „Segðu það í spegilinn, þá verður það satt, segðu það nógu oft, þú verður betri í dag“ og brestur svo í söng með sama texta.

Það var mikilvægt fyrir okkur að hafa húmor í forgrunni. Sjálfar erum við oft að grínast okkar á milli og fannst það ekki alveg passa að reyna að koma boðskapnum áfram á alltof alvarlegan hátt. Grín hefur alltaf verið stór partur af lífi mínu, ég elska að horfa á uppistand, gamanmyndir og þætti og var þá eðlilegast fyrir mig að skrifa á kómískan hátt því það er eitthvað sem er mér eðlislægt.

Þættir Phoebe Waller-Bridge *Fleabag*³ veittu mér mikinn innblástur með grínskrif. Í þeim þáttum er hún einstaklega hreinskilin og að mínu mati þá finnur maður í hreinskilninni það fyndna, því það er oft ekkert leiðinlegra að horfa á eitthvað sem segir þér hvað á að vera fyndið eins og t.d. þættir sem eru með upptökur af hlátri sem eru spilaðar á eftir hverjum einasta brandara. Í *Fleabag* nýtir hún sér þagnir og vandræðalegheit til hins ýtrasta og áhorfandinn er með í ferðalaginu og það er mjög náttúrulegt þegar eitthvað fyndið gerist, því oftast er raunveruleikinn fyndnastur. Við unnum mikið með spuna til að fá húmorinn sem náttúrulegastan hjá okkur, einnig tókum við eitthvað úr samtölum okkar og settum í handritið.

³ Phoebe Waller-Bridge. *Fleabag*. (London: BBC Three, 2016.)

Það komu nokkur augnablik þar sem við sögðum eitthvað sem okkur fannst mjög fyndið og við skrifuðum það strax niður í þeirri von að geta notað það.

Samfélagsmiðlar veittu okkur mikinn innblástur í gegnum ferlið, það er til óendanlegt magn af samfélagsmiðlareikningum sem eru uppfullir af innantómum sjálfshjálparráðum. Það virðist sem svo að hver sem er geti orðið andlegur einkaþjálfari (e. life coach) og hjálpað fólki með vandamál sín án þess að hafa í raun einhverja menntun eða hæfni til þess. Þessir þjálfarar eru bara með einhverjar setningar sem eiga að hæfa öllum og yfirleitt er ekkert farið of djúpt í málin. Einnig vakti þessi glansmynd sem allir eru með af sér mikinn áhuga því án þess að gera okkur grein fyrir því þá mótar það okkur hvað við sjáum á samfélagsmiðlum. Við viljum öll virðast vera spennandi, rosalega upptekin, klár og skemmtileg því það er það sem við sjáum á samfélagsmiðlum. Innst inni vitum við að á bak við glansmyndina er ekki allt fullkomið en samt sækjumst við eftir því að verða viðurkennd og öfundsverð. Við vildum koma smá af þessari hegðun inn í verkið og persónurnar eru báðar að leitast eftir þessu samþykki frá fólki sem fylgir þeim á samfélagsmiðlum. Það skiptir ekki endilega máli hvernig þér líður en ef þú átt múminbolla og ert búin að fara í Sky Lagoon⁴ þá ertu orðin öfundsverð manneskja.

5. Aðferðir

Haustið 2020 byrjuðum við Una að skrifa handritið af sýningunni í sameiningu. Við vorum með Ryan Driscoll sem leiðbeinanda. Hann er reyndur söngleikjakennari og kennir nú við University of Northern Colorado og hefur komið við sögu í gerð margra sýninga á Broadway sem útsetjari.

Til að koma okkur af stað lét hann okkur byrja á því að ákveða þessa fimm punkta:

- Þema
- Skilaboð
- Heildarhugmynd
- Hvernig byrjar söngleikurinn
- Hvernig endar söngleikurinn

Út frá þessum punktum skrifuðum við fyrstu útgáfuna af handritinu. Við settumst saman, yfirleitt í gegnum fjarskiptaforritið Zoom, og skrifuðum niður senurnar hverja á eftir annari sem okkur fannst mjög erfitt þar sem við höfðum ekki haft neina reynslu af svona skrifum. Í nóvember 2020 náðum við síðan að klára fyrstu útgáfuna. Fyrsta útgáfan var frekar dramatísk

⁴ Sky Lagoon. Sótt 21. maí 2021. <https://www.skylagoon.com/is/>

og með margar djúpar pælingar, mögulega var það þannig þar sem við vorum að fara í gegnum þriðju bylgju af Covid og það var oft erfitt að finna húnur á þeim stundum og úr því varð handrit sem var mun alvarlegra en við ætluðum frá upphafi. Við enduðum á því að nota ekki þá útgáfu af handritinu, en við höldum áfram grunnpælingunum með sjálfshjálpi og uppbyggingu verksins. Hér er textabrot úr fyrsta handritinu sem sýnir allt annan tón en við enduðum með í lokaútgáfunni.


Hefur þú upplifað eins og lífið sé í biðstöðu? Þú veist eins og þú sért að bíða eftir strætó, sem aldrei kemur. Mér líður eins og ég hafi ekki stjórn á neinu, ég meina, þú getur ekki ýtt á eftir strætó eða látið hann koma fyrr, ef eitthvað, þá mun honum bara seinka. Stundum finnst mér bara eins og það sé ekki hægt, eins og alheimurinn sé að neyða mig til að ganga þessa leið, bíða á þessari stoppistöð og eftir þessum strætó, þú getur kannski reynt að taka annan strætó, hann tekur þig kannski á annan stað í smá stund en það er bara til skammst tíma, því það sem bíður þín kemur alltaf að lokum. Kannski er lífið bara fullt af strætóum, þú kannski hoppar í fyrsta og hann tekur þig einhvert en hefðirú tekið hinn, þá hefðirú farið annað en á endanum hlýtur þú að enda á þeim stað sem þú átt að vera. Hefur maður kannski bara ekki neina stjórn.

Þegar fyrra handritið er skoðað er hægt að sjá að verkið er ekki keyrt áfram af persónunum og það var lítil tenging við þær og vantaði meira hjarta í sýninguna sjálfa. Textinn var þarna en það var ekki nógu skýrt af hverju þessar persónur myndu fara með þá texta. Til að gera bæði söguna og persónurnar skýrari þá notuðumst við ferðalag hetjunnar (e. Hero's journey) sem er mjög algeng leið til að byggja upp sögu karaktera t.d. í bíómyndum og leikritum.

Ferðalag hetjunnar er oftast í nokkrum skrefum en það er hægt að einfalda það og setja í þessi þrjú skref:

1. Brottförin: Hetjan fer frá upphafsstöðum sem hún þekkir
2. Vígslan: Hetjan kemst í óþekktar aðstæður og aðlagast
3. Endurkoma: Hetjan kemur aftur í upphafsstöðurnar sem breytt manneskja⁵

⁵ „Writing 101: What Is the Hero's Journey? 2 Hero's Journey Examples in Film.“ *Masterclass*, sótt 28. apríl 2021.
<https://www.masterclass.com/articles/writing-101-what-is-the-herosjourney#what-is-the-heros-journey>



Mynd 3 – Ferðalag hetjunnar sýnt í 13 skrefum.⁶

Tómas setti okkur það verkefni að skrifa niður ferðalag okkar hetju, sem var í átta skrefum. Hér er það sem ég skrifaði fyrir minn karakter hana Sirrý:

1. Þægindasvið

Að þurfa ekkert að hafa fyrir neinu
 Hver dagur líður hjá án þess að ekkert gerist
 Stöðnuð en sátt

2. Vill eitthvað

Verða frábær manneskja
 Verða einhver sem aðrir öfunda

3. Óþekktar aðstæður

Fer á sjálfshjálparnámskeið

4. Aðlagast

Prófar allt sem aðstæðurnar hafa að bjóða/prófa þrautirnar

5. Fær það sem hún vill

Hún veit að hún þarf ekki að vera fullkomin til að verða hamingjusöm

6. Geldur fyrir það

⁶ Thea Cook. *The Hero's Journey Spiral*. Sótt 11. apríl 2021 <http://www.thearetical.com/the-heros-journey-spiral>

Hún festist inn í herberginu því hún getur ekki orðið sú útgáfa af sjálfri sér sem búist er við af henni

7. Kemur aftur

Hún berst á móti

8. Breytt manneskja

Stendur með sjálfri sér⁷

Út frá þessum hugmyndum þróuðum við nýtt handrit með persónurnar að leiðarljósi og fórum að hugsa af hverju þær myndu vera í þessum aðstæðum og hvernig þær myndu bregðast við þeim. Við byrjuðum á nýju handriti en í staðinn fyrir að skrifa heilu senurnar þá ákváðum við frekar að hafa hugmyndir af senum, nokkar setningar sem væri gaman að nota og hvernig tilfinningin ætti að vera og hvernig þær ættu mögulega að líta út. Með það að leiðarljósi gerðum við nokkra spuna og unnum handritið út frá þeim.

Varðandi tónlistarsköpun, þá höfðum við hvorugar samið lag um ævina nema í stærri hóp þar sem var alltaf einhver við stjórnina sem var vanur að semja. Við gerðum heiðarlega tilraun til að semja sjálfar, við hittumst í nokkur skipti og reyndum að semja við píanóið. Ég myndi segja að þetta hafi verið einu skiptin þar sem samstarf okkar gekk ekki vel, þarna vorum við báðar komnar langt út fyrir okkar þægindarramma og náðum ekki að tengja við hvor aðra í þeirri sköpun. Út frá því prófuðum við að semja lag með slembiaðferð sem við höfðum kynnst í Skerplu sem er tilraunátónlistarhópur Listaháskóla Íslands, stofnaður haust 2018⁸, við gerðum líka mesotískt (e. mesostic) ljóð út frá handritinu okkar. Við notuðumst við ic+tic forritið⁹ til að ákveða tóntegund og röð hljóma, forritið virkar þannig að þú setur inn tölustafi t.d.1-12 og biður um þrjá tölustafi af handahófi þá getur forritið t.d. komið með 2,7,9. Út frá því að nota ic+tic kom þetta:

D A
Heilagi Sannleikur
e c#^o
vilJum við
e
Áttum ekki
A
bLindni

⁷ Tekið úr verkefni sem Tómas setti okkur

⁸ Skerpla, sótt 15. maí 2021. <https://skerpla.squarespace.com/>

⁹ Andrew Culver. ic+tic. Sótt 21. maí 2021. <https://anarchicharmony.org/IChing/index.html>

D A
 Fylgið okkur
 D A
 Þessum sal
 e c#^o
 gæsaHúð
 e A
 Þar að breyta
 e A
 Fimm Ár aftur í tímann
 e A
 mikiL orka
 e A
 Þú sÞyrð hvernig

Það var ánægjulegt að sjá hvernig þetta kom út en við fundum báðar að þetta væri ekki aðferð sem hentaði okkur. Við vildum fá hefðbundari hljóm í tónlistina okkar.

Síðan tókum við þá ákvörðun að við þyrftum að fá manneskju til að hjálpa okkur sem hefði reynslu af að semja tónlist. Við fengum því hana Gunnhildi. Gunnhildur vinnur mikið með raftónlist og okkur fannst það spennandi, þar sem það er allt annar vinkill en við byrjuðum með. Til að semja tónlistina létum við hana fá textabúta, samhengið og tilfinninguna í senunni sem við vildum að myndi koma fram í tónlistinni. Einnig gerðum við nokkra söngspuna með henni svo að við gætum fengið tilfinningu fyrir því hvernig væri að vinna saman. Síðan kom hún með tillögur að lögum sem við þrjár unnum síðan áfram og úr því kom mjög hrá útgáfa af lagi. Þegar við fórum síðan að vinna með verkið út á gólfi þá bættist alltaf meira við hljómheiminn og úr því mynduðust löggin sem enduðu í sýningunni. Gunnhildur tók upp og mixaði síðan löggin sem voru spiluð af upptöku (e. playback) á sýningunni og við Una sungum yfir. Með því að blanda raftónlist við söngleikjastílinn og óperuna kom skemmtileg áferð á löggin sem hljómuðu næstum hallærisleg sem var einmitt markmið okkar til þess að leggja áherslu á hvað heimurinn er hallærislegur sem persónurnar lifa í.



Mynd 4 – Una í heimastúdíói Gunnhildar.

6. Sannleikarnir – Verk í vinnslu

Við sátum við eldhúsborðið heima þegar hugmyndin að sjálfshjálpi kom upp. Við vorum að tala um hvað lífið gæti verið glatað og að okkur langaði að útfæra það yfir í sýninguna en vissum ekki alveg hvernig. Þetta átti alltaf að vera ádeila á okkur sjálfar, við vorum með þá hugmynd alveg frá byrjun samstarfsins því við vildum nota okkar eigin sögur og okkur sjálfar. Gera grín að okkur og hlæja að okkar sorgum. Út frá því fórum við að tala um sjálfshjálpi og hvað það væri í eðli okkar mannfólksins að leita að einföldum lausnum svona „quick fix“ við öllum okkar vandamálum. Við höfðum verið að skoða síðu sem heitir Happy in Iceland¹⁰ og þar voru fullt af setningum sem okkur fannst áhugaverðar þar sem þær áttu að vera rosalega hvetjandi en voru í raun frekar innantómar, það var ein setning sem þar kom fram sem við enduðum á að segja í sýningunni „líf þitt breytist þegar þú breytist og byrjar að breyta“ það veitti okkur frekari innblástur til að skoða þennan sjálfshjálparheim. Það sem við sáum þegar við skoðuðum Instagramreikninga fólks sem er að sérhæfa sig í að hjálpa öðrum var að þetta er mjög mikið af yfirborðskenndri hjálpi. Þar var lítið talað um að fólk þyrfti að finna rót vandans til að takast á við vandamál sín heldur komu fram setningar eins og „stefndu bara hærra“ og „líttu í spegilinn

¹⁰Happy in Iceland, sótt 15. maí 2021. <https://www.happyiniceland.com/>

og segðu að þú sért frábær á hverjum degi“. Þessi yfirborðskennda „hjálp“ var eitthvað sem heillaði okkur mikið og það að sjá að hver sem er getur orðið andlegur einkaþjálfari svo lengi sem þú ert með nokkrar góðar setningar til að hvetja fólk áfram. Einnig tókum við eftir hvað margir eru að gerast markþjálfar núna, það er eins og það sé í tísku að vera annaðhvort markþjálfari eða að fara til markþjálfara.



Mynd 5 – Sírý Salvars markþjálfari.

6.1 Um hvað er verkið

Sannleikarnir fjalla um markþjálfana Sírý og Unu sem stjórna sjónvarpsþætti með því markmiði að hjálpa fólki að breyta lífi sínu til hins betra. Þegar þær koma fram í þættinum eru þær með allt á hreinu og eru báðar á sömu blaðsíðu. Annað kemur uppá teninginn þegar myndavélarnar eru ekki í gangi þá fáum við að sjá að Una sem er reyndur markþjálfari líkar alls ekki við Sírý sem er alveg ný í bransanum og er æst í að læra meira og verða eins og Una. Þær hittast fyrir tilviljun á sama sjálfhjálparnámskeiðinu sem ber nafnið *Sjálfshjálparherbergið* þar sem þær eru mættar með það að markmiði að reyna að bæta sig og verða besta útgáfan af sjálfri sér. En þetta sjálfshjálparnámskeið er með öðru sniði en gengur og gerist því þarna eru þær komnar í herbergi þar sem þær komast ekki út fyrr en þær finna sannleikann. Í herberginu er ekkert nema rödd sem tekur á móti þeim, þær eru kynntar til leiks og þá fær áhorfandinn að sjá að ekki er allt með felldu þar sem sú mynd sem þær höfðu gefið af sér í byrjun er alls ekki rétt. Röddin tilkynnir þeim að svörin við öllum þeirra vandamálum er inn í þessu herbergi og að þær

þurfi bara að leita, það gera þær og finna kassa sem geymir svörin sem þær leita að. Þær draga upp setningu úr kassanum sem segir „Ef þú ert að leita að manneskju sem mun breyta lífi þínu, horfðu þá í spegil, þetta byrjar allt með þér. Fyrsta skrefið er að tala beint við sjálfan sig. Stattu fyrir framan spegil og horfðu djúpt í augun á þér og segðu: Þú ert frábær, þú ert heit, þú getur allt sem þú vilt.“ Í kassanum eru tveir speglar og þær nota þá til að þylja upp þessa setningu, þær fara í algjöran trans og loksins stoppar röddin þær. Þegar þær eru stoppaðar eru þær vissar um að markmiðinu sé náð, því þær hafa fundið sannleikann og mega fara en ekkert gerist. Að lokum draga þær annan miða sem á stendur „Veldu þér þjáningu, ekkert fæst án þjáningar.“ Út frá því fer röddin að segja þeim að til þess að öðlast gleði þá þurfa þær að þjást, ekkert gerist að sjálfu sér heldur þurfi þær að leggja vinnu í allt sem þær gera til að uppskera vel, setningin „því meiri gleði, því meiri þjáning“ kemur aftur og aftur upp. Að lokum þegar röddin spyr hvað þær hafa lært þá fær Sirrý að komast út eftir að hafa fundið sinn sannleika en Una verður eftir því röddinni finnst hún ekki tilbúin. Sirrý vill ekki skilja Unu eftir en neyðist til að fara, hún fer aftur út í lífið og heldur áfram með þáttinn þeirra, án Unu.



Mynd 6- Sirrý og Una á sýningu á Sannleikunum.

6.2 Boðskapur

Sýningin fékk nafnið *Sannleikarnir*, það er orðaleikur á sannleikur og leikar. Okkur fannst það passa vel við verkið þar sem við notum orðið sannleikur nokkuð oft í verkinu. Í byrjun þá lofa Sirrý og Una áhorfendum sínum að ef þeir fylgja þeim þá munu þau fá að vita hinn heilaga sannleika. Síðan fara þær í sjálfshjálparherbergið þar sem röddin lætur þær finna sinn sannleika

til að komast út. Þetta er smá ádeila á að það er enginn einn heilagur sannleikur, sannleikur lífsins er ekki ein stærð sem hentar öllum og er hann yfir höfuð til?

Það var mikilvægt fyrir okkur að boðskapurinn í verkinu myndi koma fram án þess að við myndum predika yfir fólki. Það er auðvelt að falla í þá gryfju að á lokametrinum þá segi maður áhorfendunum hvernig þeim eigi að líða og hvaða boðskap þau eiga að taka með sér heim frá sýningunni. Við vildum mun frekar að verkið talaði fyrir sig sjálft og að hver og einn myndi átta sig á boðskapnum og túlka hann á sinn hátt. Í fyrri útgáfu af handriti enduðum við á eintali þar sem stelpurnar átta sig á því hvað þessi endalaus leit af fullkomnun er galin og hvað það er auðvelt að falla fyrir orðum fullkomna fólksins á samfélagsmiðlum, þar kom fram: „Því það er það sem þau gera, þau gleypa svona sálir eins og okkur og láta okkur halda að það vanti eitthvað hjá okkur, við séum að missa af einhverju og það þurfi að laga okkur“. Við áttum samræður við Gunnhildi sem tjáði okkur að hennar upplifun væri sú að við værum að predika boðskapinn. Í kjölfarið á því skoðuðum við handritið og enduðum á því að vera sammála þeirri túlkun. Við vildum frekar koma með þessa punkta á kómískan hátt án þess að segja þá beint við áhorfendur. Mín túlkun á boðskapnum var sú að við eigum ekki að elta þessa fullkomnu ímynd, því hvaða máli skiptir ímyndin ef þér líður ekki vel. Að sjálfsögðu er ekki ein leið til að túlka boðskapinn í þessu verki, ég hef heyrt ýmsar túlkanir á honum sem voru ekki þær sömu og hjá mér en mér fannst þær alveg jafn réttar. Ég spurðist fyrir til að fá að vita hvað áhorfendur tóku frá sýningunni og móðir mín var t.d. með þá túlkun að fólk á ekki að láta glepjust í blindri trú og fylgja einhverju fólki út í bæ, heldur á það að sækja styrkinn í fólkið sem er í kringum það. Mér fannst rosalega gaman að heyra að áhorfendur hafi verið að þæla í og túlka sýninguna og ég tók því sem svo að við höfðum þá gert eitthvað rétt í uppbyggingu verksins.

Lokaorð

Að steypa sér beint í djúpu laugina og semja heila söngperu er eitthvað sem ég sé alls ekki eftir. Ég tel mig hafa fengið ótrúlega mikið úr þessu ferli þar sem ég fékk að kynnast mér sem höfundu í fyrsta skipti en ekki bara flytjanda. Ég hafði í langan tíma hugsað um hvað það gæti verið gaman að semja og sviðsetja verk með vinum mínum en datt ekki í hug að það yrði að veruleika. Það var því lík gæfa að hafa fengið að vinna að þessu með henni Unu, ég tel að vegna þess að við höfðum hvorugar samið eitthvað fyrir þetta ferli hafi gert það að verkum að við vorum báðar á sömu blaðsíðu og raddir okkar heyrðust jafn mikið. Við fengum Gunnhildi með okkur í ferlið til að hjálpa okkur með tónlistina en hún gerði svo miklu meira, hún vann mikið með okkur í að gera heildarhugmyndina skýrari og var mjög mikið með okkur síðustu þrjá mánuðina og

verkið væri ekki eins án hennar. Ég er afar þakklát henni að hafa viljað vinna með okkur og komið með margar skemmtilegar hugmyndir inn í verkið, við tókum rétta ákvörðum að fá hana þar sem hún hlustaði á hugmyndir okkar með tónlistina og útfærði á flottan hátt.

Alveg frá byrjun þá sögðum við að mikilvægasti parturinn af þessu lokaverkefni væri ferlið sjálft, hvað við myndum læra og græða á því. Með því að gera það settum við ekki of mikla pressu á að söngperan þyrfti að vera fullkomin. Við sögðum „kannski verður sýningin sjálf ömurleg en við gerðum hana og við erum stoltar af því“ og að mínu mati þá varð sýningin alls ekki ömurleg og ég er mjög stolt af því sem við gerðum.

Þegar við byrjuðum þetta ferli vissi ég að þetta yrði ekki auðvelt. Að ég þyrfti að setja mér margar áskoranir og tel ég mig hafa sigrast á þeim. Að koma hugmyndum sínum á blað hljómar nógu auðvelt en um leið og það er komin önnur manneskja í spilið þá flækjast málin. Það að vinna með Unu þýddi að ég þurfti að vera hreinskilin bæði við hana og mig, deila hugmyndum mínum og vera viðbúin því að hún tæki ekki alltaf vel í þær. Ég þurfti líka að læra að meðtaka hennar hugmyndir og segja mína skoðun, það sem mér fannst mikilvægt í þessu ferli var að treysta hvor annarri. Ég er mjög stolt af okkur að hafa samið og sett verk á svið í miðjum heimsfaraldri, það var ekki alltaf auðvelt að halda áfram með skrif þegar allt var lokað og við máttum ekki mæta í skólann. Að vita aldrei hvenær næsta bylgja myndi koma og á einum tímamarki vissum við ekki hvort að það væri yfirhöfuð hægt að sýna fyrir framan áhorfendur.

Þetta verk er enn í vinnslu og ef tími gefst þá munum við halda áfram að þróa það, það væri synd að vera komin svona langt og svo hætta. Það sem mér finnst vanta í sýninguna er aðeins meira efni í miðjuna til að skýra ferðalag karakteranna betur. Við vorum með tvö atriði skrifuð niður sem komust ekki í sýninguna vegna þess að við vorum ekki búnar að þróa þau nógu vel, þar var meðal annars atriði þar sem við vorum að spyrja okkur af hverju við værum þarna aftur og aftur. Þar hefði gefist tækifæri til að kynnast þeim enn betur og skilja af hverju þær eru þarna í raun. Sviðsmyndin var mjög minimalísk hjá okkur og það væri gaman að geta gert skýrari skil á milli staðsetninganna sem eru í verkinu, hvort sem það væri gert með lýsingu eða sviðsmynd.

Ég er mjög þakklát fyrir þetta ferli, það sem ég hef lært af því, það sem ég gerði vel og það sem mátti betur fara. Það sem ég lærði er eitthvað sem ég mun geta nýtt mér í framtíðinni og mun alltaf fylgja mér.

Heimildaskrá

Árni Heimir Ingólfsson. *Saga tónlistarinnar*. Reykjavík: Forlagið, 2016.

DK. *Musicals the definitive illustrated story*. London: DK Penguin Random House. 2015.

Culver, Andrew. *ic+tic*. Sótt 21. maí 2021. <https://anarchicharmony.org/IChing/index.html>

Cooke, Thea, „Writing 101: What Is the Hero’s Journey? 2 Hero’s Journey Examples in Film.“ *Masterclass*, sótt 28. apríl 2021. <https://www.masterclass.com/articles/writing-101-what-is-the-herosjourney#what-is-the-heros-journey>

Happy in Iceland, sótt 15. maí 2021. <https://www.happyiniceland.com/>

Skerpla, sótt 15. maí 2021. <https://skerpla.squarespace.com/>

Sky Lagoon, Sótt 21. maí 2021. <https://www.skylagoon.com/is/>

Waller-Bridge, Phoebe. *Fleabag*. London: BBC Three, 2016.

Myndaskrá

Mynd 1 – Benedikt Hermannsson. *Ég í hlutverki kattarins í Köturinn sem fer sínar eigin leiðir í uppsetningu Litla Leikklúbbsins haust 2012*. Mynd fengin frá facebook síðu Litla Leikklúbbsins

Mynd 2 – Sigríður Salvarsdóttir. *Þátttakendur á trúðanámskeiðinu ásamt kennurum haust 2019*. Mynd úr einkasafni.

Mynd 3 – Thea Cooke. *Ferðalag hetjunnar sýnt í 13 skrefum*. Mynd sótt 11. apríl 2021 <http://www.thearetical.com/the-heros-journey-spiral>

Mynd 4 – Sigríður Salvarsdóttir. *Una í heimastúdíói Gunnhildar vor 2021*. Mynd úr einkasafni.

Mynd 5 – Andrea Valgerður Jónsdóttir. *Sirry Salvars markþjálfari vor 2012*. Myndataka og grafík eftir Andreu Valgerði Jónsdóttur.

Mynd 6 – Tryggvi M. Baldvinsson. *Sirry og Una á sýningu á Sannleikunum vor 2021*. Mynd fengin frá Tryggva M. Baldvinssyni.

Viðauki

Inngangur - munkalag + pepp

Byrjum að syngja eftir 1 mín
Hér er hinn heilagi sannleikur
Svo kemur þögn
Hér er hinn heilagi sannleikur
Þögn
Hér er hinn heilagi sannleikur
Stytttri þögn/dok
Hlustið á orð mín
Þögn
Hlustið á orð mín
Þögn
Hér er hinn heilagi sannleikur
Þögn
Hlustið á orð mín
Þögn
Hér er hinn heilagi sannleikur
Þögn
Fylgið oss
Þögn
Hlustið á orð mín
Þögn
Fylgið oss
Þögn
Hér er hinn heilagi sannleikur
Hlustið á orð mín
Fylgið oss

Báðar: Velkomin!

Sirry: Eruð þið tilbúin!!!!

Una: Þið eruð hér til að heyra hinn heilaga sannleika!!

Sirry: Eruð þið tilbúin að bjóða topporku inn í líf ykkar!

Una: Hleypið henni inn!

Sirry: Lífið byrjar hjá þér!

Sirry: Líf þitt breytist þegar þú breytist og byrjar að breyta!

Una: Breytingin er hér, hún hefst hér í dag, hér er orkan, hér er lífið, hér er tilgangurinn.

Sirry: Við göngum markvisst í átt að betra lífi!

Báðar: Haltu í hönd okkar og gakktu inn í lífið sem þig langar í, saman við vöxum.

Una: Þið fáið svör við öllum ykkar spurningum!

Sirry: Fylgið okkur, lærandi!

Una: Ég veit hvað ég vil en veist þú hvað þú vilt.

Sirry: Ég trúi á mig og þú getur trúað á þig,

Báðar: Við lifum, Við lifum að læra, Við lærum að lifa lærandi x3

Sirry: Af hverju eruð þið hérna, Til að hlusta á mig fyrirlesa, fyrir þig að lesa, En um hvað, Kannski um lífið, Kannski um **dauðann**

Una: Við erum hér til að hlusta á orð þín því ég er orð þitt og ég les fyrir þér. Hver er ég? Bara einhver sem get allt!

Báðar: **Því ég trúi á mig og þú getur trúað á þig!**

Una: En hvernig getur þú trúað á þig? Það færðu að vita,

Báðar: Eftir auglýsingahlé!

Break - við tölum saman:

Erum out of breath og þínu eftir okkur.

Sirry: ómægð

Una: er ekki vatn hérna einhversstaðar

Sirry: Þetta gekk bara vel.

Una: Jújú, ágætlega, mætti læra sporin betur

Sirry: kannski ef þú værir ekki alltaf að breyta þeim...

Una: Það bara svo gott að ögra sér

Sirry: okei... ertu búin að heyra um þarna sjálfshjálparherbergið

Una: Nei hvað er það?

Sirry: Þetta er svona einhverskonanar öðruvísi sjálfshjálparnámskeið

Una: svona alveg eiins og við erum að gera?

Sirry: Jaa já nema þetta er meira svona intense.

Rödd: við erum live eftir 3,2,1

Vúhúúú

Una: Velkomin aftur!

Sirry: Voruð þið nokkuð að láta auglýsingarnar plata ykkur!

Una; Af hverju erum við hér til að hjálpa ykkur!

Una: ég ætla að segja ykkur sögu

Una: Ég sat inn í eldhúsi og horfði á bollann og hann var úr rúmfatalagernum, ég hugsaði, ég get ekki verið manneskjan sem drekkur úr **rúmfatalagersbollanum**. Nú drekk ég úr **mumin bolla**.

Sirry: Ævintýralegasta sem ég gerði síðasta sumar var að fara í sund í Mosó, með kokteil í brúsa. Núna er ég búin að gista í kúlunni 3x og alltaf með kampavín **í hönd!**

Una: En hvernig fórum við að þessu, þið fáið að vita það, **núna!**

Næsti dagur, sjálfshjálparherbergið.

Sirry gengur inn að spila á flautu... Una labbar inn að lesa bækling

Sirry: Nei hæ!

Una (með status): Hæ

Sirry: Þú bara hér, líka

Una: já

Sirry: Hvað ertu að lesa ?

Una: bæklinginn, ert þú ekki að fara í þetta sjálfshjálparherbergi líka eða, er þetta ekki biðstofan?

Sirry: Jú, eða ég held það! Ég bjóst nú ekki við að sjá þig hér!

Una: jáá ég er bara að skoða keppinautinn

Sirry: Okei kúl ég er bara að reyna að bæta við mig þekkingu

Una: Bara alltaf að hámarka sig, verða betri

Sirry: Besta útgáfan af sjálfum sér

Una: Einmitt

Sirry: Það gekk alveg vel í gær

Una: Jáá þetta var alveg fínt bara, vorum alveg flottar, mættir samt alveg læra dansinn kannski aðeins betur

Sirry: okey, þú mátt samt alveg hætta að breyta honum

Una: já okey, maður er bara alltaf að reyna að ögra sér.

Sirry: en hvað ætlum við séum að fara að gera, ætlum við séum tvær í þessu herbergi, ég hélt að maður yrði bara einn,

Una: jáh það er spurning

Guð: Velkomin (Sirry: takk) í sjálfshjálparherbergi 221, ekki efast um neitt (Una: sækó) sem hér gerist, allir koma breyttir út . Það eina sem þið þurfið að gera til að komast héðan er að finna sannleikann og verða besta útgáfan af ykkur sjálfum. Nú ef ykkur tekst það ekki þá verðið þið því miður fastar hérna inni, en ég hef fulla trú á ykkur og munið bara, sama hvað, þá elska ég ykkur.

Sirry: Fastar hér inni?

Guð: Já, þið þurfið einhverja hvatningu

Una: ætli hún hafi verið að meina í alvöru, ég er að fara í klippingu á eftir.

Guð kynnir leikmennina: í hægra horni

Sigríður:

25 ára

Býr í foreldrahúsum

Hefur ALDREI ÁTT KÆRASTA (Sirry: það er ekki satt)

Sefur hjá öllu sem býðst (Sirry: ok það er satt)

Í vinstra horni:

Una María:

30 ára

Býr í foreldrahúsum

Kann ekki að finna sér maka

Sefur hjá vinum sínum

Una: ok þetta var ekki svo slæmt

Ooog er skotin í frænda sínum

Una: við erum fjórmenningar

GUD: Þá eru þátttakendur búnir að kynnast nóg. Sirrý. Af hverju ertu hér?

Sirrý: Mig langar að lifa lærandi. Verða besta útgáfan af mér.

GUD: Ömurlegt svar, ekki satt. Af hverju ertu hér?

Sirrý: Einu sinni fór ég bíó, og ég var ein, það var bara fínt, hversu oft getur maður farið í bíó einn áður en það verður skrýtið? Ég verð að fara að gera hluti sem gerir mig að meira spennandi manneskju. Að fólk skoði story hjá mér og segi, ómæ ég vildi að ég væri meira eins og Sirrý. Ég vil ekki vera manneskjan sem gerir grín af sínu eigin lífi, ég vil geta sagt, já ég fór í hestaferð norður um helgina, í staðinn segi ég, ég fór í pizzu til bróður míns um helgina, horfði svo á netflix.

GUD: Úfff...enn glatað. En þú Una? Hvers vegna er Una hér?

Una: Já, sem markþjálfri þá verður maður alltaf að toppa sig...

GUD: NEI!!! Af hverju ertu hér í raun og veru?

Una: Ég vil eignast kærasta. Ég vil verða kærustufaggi, algjörlega óþolandi en nú er má röðin vera komin að mér. Ég vil geta sagt þegar vinkonur mínar vilja fara í bíó, nei ég get ekki, kæró ætlar að elda fyrir mig eða nei get ekki, við kæró ætlum að púsla í kvöld. Í staðinn sötra ég rauðvín og horfi á Heima með Helga Bjöss með foreldrum mínum.

GUD: Þið eruð nú meiri greyin. En núna er komið að breytingu í ykkar lífi.

Guð: Hér inni er lausnin við öllum ykkar vandamálum, þið þurfið bara að leita:

Leita?

Guð: Leita

Sirrý: Hvar eigum við að leita? Hér inni eða innra með okkur?

Una: Það er ekkert hérna

Guð: Leitið bara!

Sirrý: Fugl eða fiskur

Guð: Kaldar

Kaldari

Kaldari!

Heitar

Heitari

Heitari!

Brennandi heitar

Setning úr krukku:

Ef þú ert að leita að manneskju sem mun breyta lífi þínu, horfðu þá í spegil, þetta byrjar allt með þér. Fyrsta skrefið er að tala beint við sjálfan sig. Stattu fyrir framan spegil og horfðu djúpt í augun á þér og segðu: Þú ert frábær, þú ert heit, þú getur allt sem þú vilt.

Stelpurnar kyrja þú ert frábær, þú ert heit þú getur allt sem þú vilt í spegil. Sem þróast úti lag.

Speglasena, píkupopp

Sirry talað 2x og svo sungið í loop
Segðu það í spegilinn
þá verður það satt
Segðu það nógu oft
Þú verður betri í dag

Una:
Heit, sæt, get allt
Betri í dag
veit hvað ég vil
Næ í það

Tónlistin stoppar skyndilega
Guð: STOPP!

Guð: JÆJA. Héna. Þú veist. Dragið næsta miða.

Þjáning: Viljum sefjun. - Kór tekur undir því meiri gleði því meiri þjáning

Drögum miðann:

Veldu þér þjáningu ekkert fæst án þjáningar.

Guð segir - guð tónar: Veldu þér þjáningu, lífið er þjáning. Ekkert fæst án þjáningar. Því meiri gleði, því meiri þjáning.

Guð heldur áfram, til að eignast pening þarf að vinna ógeðslega mikið - því meiri gleði því meiri þjáning,

Guð: "Til þess að fá draumastarfið þarftu að leggja hart að þér og fórna miklum frítíma fyrir þitt fag."

Því meiri gleði, því meiri þjáning.

Guð: "Ef þú vilt fallegar og heilbrigðar tennur þarftu líka að nota tannþráð."

Því meiri gleði, því meiri þjáning.

Guð: "Til að finna ástina þarftu að sýna hver þú ert í raun."

Una: Til þess að eignast góðan kærasta verð ég að taka áhættur og eiga á hættu að vera hafnað, því meiri gleði því meiri þjáning.

Sirry: Til að vera góð á flautu þarf ég að æfa mig rosa mikið, því meiri gleði því meiri þjáning.

Lífið er ósanngarnt,
Þjáning er val
Veldu þér þjáningu
Höfnun óumflýjanleg

Því meiri gleði, því meiri þjáning

Guð: Það er komið nóg af þessum söng! Hvað eruð þið búna að læra hér í dag?

Sirry: hmm ég veit núna að ég verð að hætta að fylgja öðrum, leggja hart að mér til að fá það sem ég vil.

Una: Ég þarf að þjást

Guð: Til hamingju Sirry þú hefur fundið þinn sannleika og kemst héðan út. Una ekki alveg, haltu áfram að finna þinn sannleika.

Sirry: Já okei þannig ég fæ bara að fara,

Una: mundu bara dansinn

Sirry: oki

Upphafsaþriði aftur

Sirry kemur inn með flautuna, upphafsaþriði flutt aftur og Sirry leikur bæði Unu og sjálfa sig.

The end